

Tillaga bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar um breytingar á reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022.

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Suðurnesjabær.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Byggðarlagið Garður.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Samþykkt á 41. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 5. janúar 2022.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr, eftir því sem við á og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ekki er löndunarhöfn í Garði og því hafa fiskiskip skráð í Garði ekki getað landað sínum afla í heimahöfn í Garði. Með breytingunni verða tryggðir hagsmunir byggðarlagsins um að skip skráð í Garði geti landað afla til vinnslu í byggðarlaginu.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði geta fiskiskip skráð í Garði ekki landað afla í heimahöfn í Garði. Með þessari breytingu geta fiskiskip í Garði átt kost á úthlutun byggðakvóta gegn því að aflanum sé landað í sveitarfélaginu og til vinnslu í sveitarfélaginu.